

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Birgir Gunnarsson
Dags. 12. febrúar 2021
Mnr. 2020120066



ÍSAFJARÐARBÆR

Ráðning sviðsstjóra - ferill ráðningar

Staða sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar var auglýst laus til umsóknar þann 19. janúar síðastliðinn og var umsóknarfrestur til og með 4. febrúar 2021.

Umsækjendur voru 10 talsins og eru eftirtaldir:

Árni Heiðar Ívarsson – Grunnskólakennari
Dagný Finnbjörnsdóttir – Leiðbeinandi með umsjón
Eva Días Bethencourt – Housekeeping
Hafdís Gunnarsdóttir – Forstöðumaður
Jóhannes Sigurbjörn Aðalbjörnsson – Grunnskólakennari
Jóna Benediktsdóttir – Skólastjóri
Kristján Arnar Ingason – Umsjónarkennari
Margrét Björk Arnardóttir – Kennslustjóri
Sonja Björg Írisar Jóhannsdóttir – Deildarstjóri
Örn Valdimarsson – Stærðfræði- og fjármálalæsis kennari

Ráðgjafafyrirtæki Intellecta hefur verið ráðið til ráðgjafar um ráðninguna.

Nú þegar hefur ráðgjafi Intellecta og bæjarstjóri yfirfarið umsóknir og gögn umsækjanda og horfa til þess að taka viðtöl í vikunni 15.-19. febrúar 2021, byggt á stigagjöf samkvæmt innsendum gögnum. Gert er ráð fyrir taka viðtöl við fimm umsækjendur.

Mannauðsstjóri Ísafjarðarbæjar lýsti sig vanhæfan þegar ljóst var hverjir umsækjendur voru vegna tengsla við einn umsækjandann og hefur sagt sig frá málinu. Gögnum í skjalakerfi er læst og er eingöngu opið fyrir bæjarstjóra, bæjarritara og skjalastjóra.